

Ed.

732. Frumvarp til laga

[253. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 488 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngri en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en váttryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrir en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.